

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar 50 ára

Skrifað af: Finnur Ingimarsson

Laugardagur, 05. október 2013 16:08 - Síðast uppfært Föstudagur, 29. nóvember 2013 14:32

Sunnudaginn 3. nóvember n.k. heldur Skólahljómsveit Mosfellsbæjar uppá 50 ára afmæli sitt. Verður það **í Íþróttahúsinu að Varmá og hefjast tónleikarnir kl 14:00**. Þar munu 10 af 12 kórum í bænum taka þátt og fagna með Skólahljómsveitinni á þessum tímamótum. Stefnir mun ekki láta sitt eftir liggja en bæði Skólahljómasveitin og Stefnir hafa hlotið sæmdarheitið "Bæjarlistamaður Mosfellsbæjar". Vonumst við einnig til þess að velunnarar Stefnis sjái sér fært að mæta í Íþróttahúsið þann 3. nóvember.